

Ígræðsla í apa og rottur

Rannsóknir þeirra byggja á niðurstöðum úr ígræðslum í apa og rottur. „Við erum að fá síðustu niðurstöður úr öpum, sem lofa góðu, og við eigum eftir að fá frekari niðurstöður úr rottutilraunum, en við gerum ráð fyrir að þessar ígræðslur verði prófaðar á mönnum innan eins til tveggja ára,“ segir Arnar og bætir við: „Klínískar rannsóknir eru þegar farnar af stað í Japan. Þeir byrjuðu í haust, en við erum enn með umsókn hjá FDA í Bandaríkjunum um leyfi til þess að fá að hefja þessar rannsóknir á sjúklingum í Bandaríkjunum.“

Spurður hvernig áhugi hans á Parkinson-rannsóknum hófst segir Arnar að hann hafi alltaf viljað verða heilaskurðlæknir. „Ég hafði mikinn áhuga á heilanum og starfsemi hans. Ég á líka systur sem er með mjög slæma fötlun vegna hreyfisjúkdóms. Það kveikti hjá mér áhuga á að hægt væri að lækna slíka sjúkdóma í framtíðinni.“ Flestir glími við Parkinson. „Ef þetta tekst hjá Parkinson-sjúklingum verður mögulega hægt að nýta þetta fyrir aðra sjúkdóma í heila líka,“ segir Arnar.

Tímafrekar framfarir

En sér hann fyrir sér að ævin endist til að leysa vandann? „Það er spurning. Mér finnst tíminn líða ótrúlega hratt og síðustu 13 ár, eða frá því að ég fór þarna fyrst, hafa liðið mjög hratt. Þó hafa orðið framfarir, en þær taka stundum langan tíma og það þarf að tryggja öryggi meðferðarinnar.“

James M. Schumacher heila- og tauga-skurðlæknir á sjúkrahúsum í Sarasota og Boston tók þátt í Parkinson-málstofunni á Læknadögum, en hann hefur síðustu 8 ár unnið við rannsóknina að ígræðslum í apana. Þar var einnig Tipu Z. Aziz, frá Oxford, sérfræðingur í djúpkjarnaörvun, sem Arnar bendir á að sé sú skurðaðgerð sem sé viðurkennd í dag. Svo var þar yfirmaður Arnars og prófessor í Árósum, Jens Christian Sørensen, sem hefur rannsakað málefnið í áratugi.



Hjálmar Bjartmarz á Læknadögum í Hörpu. Mynd/gag

Fá of fá fóstur til ígræðslu

Skortur á fósturum er helsta hindrun þess að hægt sé að halda áfram að nýta fósturves til ígræðslu í Parkinson-sjúklinga. Þá vakni margar síðferðislega spurningar við slíkar aðgerðir, sagði Hjálmar Bjartmarz læknir í Lundi í Svíþjóð þegar hann fór á síðasta degi Læknadaga yfir árangur af frumuígræðslu í heila Parkinsonsjúklinga. Í kringum árið 1990 hafi þurft að hætta þessum aðgerðum vegna skortsins.

„Nú þegar við byrjuðum aftur þá söfnuðum við fósturum frá Malmö, Stokkhólmi, Cambridge og Cardiff. Við áttum í vandræðum með að fá fóstur.“ Þau þurfi meðal annars að vera af ákveðinni þyngd og þá hafi

valdið vandkvæðum þegar farið var að eyða fósturum með pillum.

Hjálmar fagnaði því að stofnfrumur tækju við af fósturfrumum. Einnig að hægt væri að beisla þær þannig að þær yllu ekki æxlum.

Hjálmar fór yfir ígræðsluaðgerðirnar og sagði frá því að hver þeirra tæki um 7-10 klukkustundir: „Hvert spor tekur um 30 mínútur því það þarf að gerast svo hægt.“ Hann sagði að hætta á blæðingum við ígræslu fósturfrumna í *putamen* í heila væri lítil, aðgerðin væri nánast án blæðinga og vart hægt að sjá að sjúklingurinn hefði farið í meðferð. Af 1000 aðgerðum hefði aðeins tvisvar blætt. „Og báðir þessir sjúklingar hafa náð sér.“